



Ljósmeðradagurinn á alþjóðadegi ljósmeðra

Ráðstefna á Akureyri 5. maí 2018

Í tilefni af því að Norðurlandsdeild Ljósmeðrafélags Íslands verður fimmtíu ára árið 2018 verður ráðstefna félagsins haldin á Akureyri á næsta ári.

Við viljum hvetja ljósmeður til þess að reyna að taka daginn frá og stefna að því að fjölmenna norður. Dagskráin er í mótun, verið er að vinna í því að fá einn til tvo erlenda fyrirlesara á ráðstefnuna og síðan hvetjum við alla sem hafa áhuga á því að halda fyrirlestra til þess að hafa samband við Sigfríði Ingu Karlsdóttur inga@unak.is og senda henni útdrátt (150-200 orð, calibri, 11 punkta með 1,15 línubili) fyrir 20. janúar 2018. Ef um rannsóknarkynningu er að ræða er gott að skipta útdrættinum í bakgrunn, aðferð, niðurstöður og umræður. Einnig er tilvalið að sækja um veggspjaldakynningu og þó veggspjöldin hafi verið kynnt á erlendri ráðstefnu er ekkert að því að kynna það á ráðstefnunni (allt í lagi þó það sé á ensku). Efst á útdrætti þarf að koma fram heiti erindis og nöfn höfunda.

Ráðstefnugjaldi verður stillt í hóf, margar norðlenskar ljósmeður hafa boðist til þess að bjóða ljósmeðrum gistingu (nánar auglýst síðar) og félagið mun óska eftir tilboðum frá flugfélaginu. Auk þess er náttúrlegar tilvalið að hollsystemur skelli sér saman á bíl norður.

Við stefnum á að byrja dagskrá kl. 10 um morguninn og hætta ekki seinna en kl 17:00. Síðan verður hátíðarkvöldverður um kvöldið, sem auðvitað væri gaman ef sem flestir ráðstefnagestir sæju sér fært að taka þátt í. Það er tilvalið fyrir hollsystemur og vinnufélaga að leigja sér orlofsíbúðir á Akureyri sem eru fjölmargar og skella sér norður.

Vonumst til að sjá ykkur sem flestar þann 5. maí 2018 á Akureyri.

Fyrir hönd undirbúningsnefndar

Sigfríður Inga Karlsdóttir, ljósmóðir